

REGLUGERÐ

um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2020 samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2020:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. skal nema 861.801 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi skv. 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., skal nema 241.729 kr. á mánuði.
- c. Grunngreiðsla skv. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., skal nema 241.729 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 35.565 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur skv. 2. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 10.296 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 26.769 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. skal vera 83.302 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1203/2018, um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2019 samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. desember 2019.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.